

Stofnanasamningur
milli
Landbúnaðarháskóla Íslands
og
Félags íslenskra náttúrufræðinga
Gildir frá 1. mars 2014

Á
DR
TH
Jouk
J. G
PH

1	Gildissvið	3
1.1	Lýsing launasetningar	3
2	Skilgreining starfa.....	4
2.1	Grunnröðun	4
	S1.....	4
	S2.....	4
	S3.....	4
	S4.....	4
2.2	Skipting starfa í einstaka verkþætti	5
2.3	Vinnumat.....	5
2.3.1	Vinnumat vegna kennslu.....	5
3	Matsþættir	6
3.1	Starfstengd stigagjöf.....	6
3.2	Persónubundin stigagjöf	7
3.2.1	Árangur	7
	Almennt.....	7
	Yfirfærsla árangursstiga í launastig.....	8
3.2.2	Menntun	8
3.2.3	Sérstök færni	9
3.3	Röðun í launaflokka.....	9
3.4	Framgangur í starfi	9
3.5	Samráð um röðun.....	9
3.6	Réttur til endurmats.....	9
4	Afkastahvetjandi þættir	10
A.	Rannsóknir	10
B.	Kennsla, leiðbeiningar, ráðgjöf	10
C.	Annað	11
	Útfærsla.....	13
5	Ákvæði um gildistíma og endurskoðun.	13
6	Listi yfir fylgiskjöl með samningi þessum.....	13
	Bókun 1.	14
	Bókun 2.	14
	Yfirlýsing yfirstjórnar Lbhí	14

Á
 TR
 TL
 J.G.
 2
 FW

STOFNANASAMNINGUR

milli

Landbúnaðarháskóla Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga um forsendur röðunar starfa skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 26. júlí 2001 og samkomulagi um síðari breytingar.

1 Gildissvið

Samkomulag þetta tekur til félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem starfa við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Markmið þessa samnings eru að launakerfið:

- sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gegnsæjum hætti.
- tryggi starfsfólki gott og framsækið starfsumhverfi.
- tryggi jafna aðstöðu karla og kvenna til launa og starfa.
- feli í sér möguleika fyrir starfsmenn til framgangs í starfi.
- nýtist til að ná fram markmiðum Landbúnaðarháskóla Íslands og endurspegli skipurit hans.
- að möguleikar Landbúnaðarháskóla Íslands til að ráða og halda hæfu starfsfólki séu sem mestir.
- tryggi að jafnræði ríki milli kennslu og rannsóknahluta starfa hvað varðar laun, vinnuframlag og möguleika á framgangi.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi leiðir að ofangreindum markmiðum séu:


- að ná fram sem mestri skilvirkni og nýtingu mannauðs með því að leggja árleg starfsmannaviðtöl og starfsáætlun til grundvallar ákvörðunum um hlutfall rannsókna og kennslu.
- að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukinn með markvissri endurmenntun.
- að tryggja svigrúm starfsamanna til að geta nýtt sér afkastahvetjandi þætti samningsins.
- að ákvörðun um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti sé vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt sé að þeir njóti jafnræðis.

1.1 Lýsing launasetningar

Laun félagsmanna FÍN hjá LbhÍ eru fundin út í gegnum stigagjöf vegna starfsbundinna- og persónubundinna þátta. Alls eru 120 stig til ráðstöfunar, 80 stig fyrir starfsbundna þætti og 40 stig fyrir persónubundna þætti. Þrjú stig gefa einn launaflokk. Einnig er greitt fyrir afkastahvetjandi þætti í formi eingreiðslna í lok hvers árs.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AT", "TR", "AZ", "Spik", "J.G.", and "FH".

2 Skilgreining starfa



Mynd 1 Skýringarmynd um röðun

öðrum verkefnum eða kennslu á námskeiðum undir stjórn annarra. Getur haft manna- og/eða fjárforráð.

[Starfsmaður skal alla jafna hafa MSc próf hið minnsta og hafa hlotið hæfisdóm sem lektor skv. dómnefnd sem skipuð er af háskólaráði Lbhí sbr. skilgreiningu. 17. 26. og 27. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.]

S4

Vinnur við rannsóknir og/eða kennslu á háskólastigi eða stjórnun. Sér um rannsóknir á ákveðnu fræðasviði (stýrir rannsóknateymi) eða hefur faglega umsjón með kennslu á ákveðnum brautum. Aflar og hefur frumkvæði að nýjum verkefnum/námskeiðum.

Skipuleggur verkefni og/eða útbýr kennsluáætlanir. Sér um og ber ábyrgð á samskiptum við aðra sérfræðinga utan stofnunarinnar.

[Starfsmaður skal alla jafna hafa PhD próf eða sambærilegt og hafa hlotið hæfisdóm sem dósent eða prófessor skv. dómnefnd sem skipuð er af háskólaráði Lbhí sbr. skilgreiningu. 17. 26. og 27. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.]

2.1 Grunnröðun

Störf við Landbúnaðarháskóla Íslands skiptast í fjóra flokka, S1, S2, S3 og S4 sem fela í sér mismikla ábyrgð, álag, umfang og gera mismunandi kröfur til þekkingar og færni (sjá 3.1).

S1

Starfið felur í sér almenn störf og starfsmaður vinnur undir beinni stjórn annarra. Að jafnaði er um nýliða að ræða sem ráðnir eru til skamms tíma eða nemendur sem eru í námi samhliða starfi.

S2

Starfið felur í sér ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum sbr. skilgreiningu í kafla 2.2. Hér undir fellur kennsla á starfsmenntabrautum sbr. skilgreiningu kennara í 28. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.

S3

Vinnur við rannsóknir og/eða kennslu á háskólastigi eða stjórnun. Sér um og/eða ber ábyrgð á kennslu á ákveðnu fagsviði. Vinnur við eigin verkefni í rannsóknum eða kemur að einstökum verkþáttum í

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'AH', 'TR', 'AL', and 'J.G.'.

2.2 Skipting starfa í einstaka verkþætti

Störf við Lbhí geta falið í sér kennslu, rannsóknir, stjórnun, þjónusturannsóknir, þróunarstarf eða önnur störf til nýsköpunar allt eftir eðli starfsins hverju sinni. Kennsla á háskólastigi getur aldrei orðið meira en 60% af fullu starfi á hverju almanaksári. Heimilt er að kalla starfsmann til kennslu eða leiðbeiningar námsverkefna á sérsviði sínu sem nemur allt að 10% af starfsskyldu hans (sbr. þó bókun 1).

2.3 Vinnumat.

Í byrjun desember ár hvert skulu liggja fyrir áætlanir um skiptingu starfa í einstaka verkþætti kennslu, rannsóknir, stjórnun, annað) fyrir hvern starfsmann. Við gerð þessara áætlana er miðað við að starfsmenn skili vinnu innan dagvinnnumarka. Til yfirvinnu teljast stundir sem starfsmanni er falið að vinna umfram vinnuskyldu eða utan dagvinnnumarka. Endurskoða skal verkáætlun með reglubundnum hætti og bregðast við í samræmi við ofangreindar forsendur ef breytingar hafa orðið á vinnuframlagi í einstök verk.

Starfsmaður getur, að fengnu samþykki yfirmanns, hliðrað til vinnutíma sínum innan dags og á milli daga innan ársins enda bitni það ekki á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar.

2.3.1 Vinnumat vegna kennslu

Útreikningur á vinnu kennara við námskeið og önnur störf tengd kennslu við Lbhí er samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

Háskólastig

Kennsla reiknast samkvæmt eftirfarandi viðmiðunartöflu:

Stærð námskeiðs	Tímafjöldi m.v.allt að 11 nemendum	Viðbótartíma fyrir hvern nemenda umfram 11
1	83	1,9 (1*1,85)
2	151	3,7 (2*1,85)
3	210	5,5 (3*1,85)
4	263	7,4 (4*1,85)
5	307	9,2 (5*1,85)

Auk þessa reiknast 30% álag á kennsluna fyrsta árið ef nýtt námskeið er kennt. Fyrir námsmat er greitt samkvæmt eftirfarandi reglum:

10 tímar á fyrstu einingu

+ 5 tímar á hverja einingu umfram það

+ 1 tími á hvern nemanda á fyrstu einingu

+ 1/2 tími á hvern nemanda á hverja einingu umfram það

Þetta má setja fram í jöfnu þannig: $tímar = 10 + 5(e-1) + n(1 + 0,5(e-1))$

Handwritten signature and initials in blue ink, including the number 5.

Starfsmenntastigi

Kennsla á starfsmenntastigi (framhaldsskólastig) er reiknuð samkvæmt eftirfarandi viðmiðunartöflu:

Stærð námskeiðs	Tímafjöldi m.v.allt að 11 nemendum	Viðbótartími fyrir hvern nemenda umfram 11
1	50	1,1 (1*1,11)
2	91	2,2 (2*1,11)
3	128	3,3 (3*1,11)
4	158	4,4 (4*1,11)
5	184	5,6 (5*1,11)

Auk þessa reiknast 30% álag á kennsluna fyrsta árið ef nýtt námskeið er kennt.

Fyrir námsmat er greitt samkvæmt eftirfarandi reglum:

6 tímar á fyrstu einingu

+ 3 tímar á hverja einingu umfram það

+ 0,6 tímar á hvern nemanda á fyrstu einingu

+ 0,3 tímar á hvern nemanda á hverja einingu umfram það

Þetta má setja fram í jöfnu þannig: $tímar = 6 + 3(e-1) + n(0,6 + 0,3(e-1))$

Varðandi vinnumat fyrir prófdæmingu, endurtöku- og sjúkrapróf, leiðsögn með lokaritgerðum, álag vegna fjarnema og aðra þætti sem ekki er getið um hér að ofan skal miða við fylgiskjal 1.

3 Matspættir

Röðun starfsmanna byggist á rökstuddri stigagjöf, annars vegar fyrir starfsbundna þætti og hins vegar fyrir persónubundna þætti. Heildarstigafjöldi til ráðstöfunar er 120. Starfsmaður skal fá afrit af þeirri stigagjöf sem hann fær og fyrir hvaða þætti gefið er. Trúnaðarmenn skoða röðun starfsmanna og gera athugasemdir við hana.

3.1 Starfstengd stigagjöf

Hverjum starfaflokki fylgja ákveðin lágmarksstig starfsbundinna þátta (grunnröðun). Því til viðbótar eru gefin stig fyrir starfsbundna þætti sem eru umfram skilgreiningu starfaflokks. Í heild verða aldrei gefin fleiri en 80 stig samtals fyrir starfsbundna þætti.

Vegna þess að starfsmenn, sem starfa við kennslu á starfsmenntabrautum, hafa takmarkaða möguleika á tilfærslu í starfaflokka S3 og S4 skal tryggja þeim sérstakt mat á ábyrgðar- og fagþáttum.

Við starfstengda stigagjöf umfram grunnröðun í starfaflokka skal taka tillit til eftirtalinna atriða:

Faglegar kröfur starfs, frumkvæði, nýsköpun, kennsluálag, miðlun, símenntun, stefnumótun, verkefnaöflun (hugmynd), þróun starfs, gerð kennsluefnis, sjálfstæði, samskipti við aðra

sérfræðinga, samskipti við erlendar stofnanir, einyrkjaaðstaða, eftirspurn eftir færni. Stjórn verkefna, verkefnaöflun (framkvæmd), fjárhagsleg ábyrgð, gerð fjárhagsáætlunar verkefna og deilda, verkstjórn, ábyrgð á tímaáætlun verkefna, umsjón námskeiða og afmarkaðra verkþátta, tengsl við sérfræðinga utan stofnunar, ábyrgð gagna, ábyrgð tækja og húsnæðis, rekstur, ábyrgð á framkvæmd stefnu stofnunar, stjórnun námsbrauta og deilda, samskipti við aðrar stofnanir fyrir hönd stofnunarinnar.

Grunnröðun starfaflokka (stigafjöldi) við gildistöku samnings:

Starfsheiti	Launastig
S1	21
S2	27
S3	30
S4	39

Þegar starfsmanni er falið afmarkað verkefni sem felur í sér tímabundið álag, t.d. ákveðna verkefnastjórnun, formennsku í nefndum eða tímabundið aukið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu skal gera við hann viðbótarsamning. Hægt er að segja upp slíkum tímabundnum verkefnasamningi með þriggja mánaða fyrirvara. Slík tímabundin verkefni skulu eigi vara lengur en 2 ár án þess að þau séu endurskoðuð og ráðningarsamningi starfsmanns breytt í samræmi við hina nýju stöðu.

3.2 Persónubundin stigagjöf

Að hámarki verður varið 40 stigum í persónubundna þætti. Stigagjöf fyrir persónubundna færni starfsmannsins er þrjúþætt. Gefin eru stig fyrir árangur, menntun og sérstaka færni.

3.2.1 Árangur

Stigagjöf er í formi árangurstiga. Um stigafjölda fer samkvæmt samræmdu stigamati ríkisháskólanna eins og það er á hverjum tíma og staðfest er af matskerfisnefnd. Stigamatið eins og það er við undirritun samningsins er birt sem viðauki með samningi þessum. Verði umtalsverðar breytingar á stigamati ríkisháskólanna að mati annarshvors samningsaðila skal fjallað um það í samstarfsnefnd. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að umræddar breytingar leiði til skerðingar á kjörum skal það leiðrétt annaðhvort með breytingum á samningsákvæðum eða sérstökum greiðslum.

Núgildandi stigamat fylgir í viðauka 2 með þessum samningi.

Matsreglur

Stigagjöf er í formi árangurstiga og eru umreiknuð í launastig, samkvæmt kvarða, sjá aftast í kafla 3.2.1.

Almennt

Matsnefnd metur stig fyrir verkefni sem ekki rúmast innan ramma þessara reglna enda liggi fyrir um það rökstudd beiðni eða tillaga. Einkum er hér átt við vinnu innan eða utan háskóla í þágu vísindasamfélagsins í víðum skilningi og umfangsmikla kynningu eða fræðslu fyrir almenning.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and several smaller initials, located in the bottom right corner of the page.

Yfirlýsing árangursstiga í launastig

Árangursstig samkvæmt ofangreindum reglum gefa stig samkvæmt eftirfarandi stigakvarða. Árangursstigakvarðinn tekur gildi frá og með 1.mars 2014

Árangursstig	Stig
9	1
16	2
25	3
36	4
49	5
81	6
121	7
169	8
225	9
289	10
361	11
441	12
529	13
625	14
729	15
841	16
961	17
1089	18
1200	19
1300	20
1400	21

Starfsmenn skili inn gögnum vegna árangursmats 15. nóvember ár hvert fyrir tímabilið 1.nóvember til 31.október þar á undan.

3.2.2 Menntun

Formleg menntun umfram BS (eða samsvarandi) er metin með eftirfarandi hætti. Stig leggjast ekki saman:

BS Hon eða sambærilegt	3
MSc eða sambærilegt	6
PhD eða sambærilegt	12

Viðbótarnám:

Fyrir hverjar 20 ECTS einingar í viðbótarnámi á háskólastigi skal gefa 1 stig til viðbótar við ofangreinda formlega menntun.

Handwritten signature and initials in blue ink, including the letters 'H', 'TR', 'AL', 'G', and 'G'.

Heimilt er að gefa stig fyrir ígildi formlegrar menntunar hafi starfsmaðurinn tekið að sér verkefni sem krefjast slíkrar menntunar og skilað þeim með sóma.

3.2.3 Sérstök færni

Líta skal til annarra þátta sem gerir starfmanninn enn hæfari til þess að sinna starfi sínu umfram það sem starfslýsing kveður á um. Skal þá m.a. taka mið af eftirfarandi atriðum:

Fagleg færni, frumkvæði, nýsköpun, sjálfstæði, tengsl við aðra sérfræðinga, tengsl við erlendar stofnanir, fagleg afköst, aðlögunarhæfni, áreiðanleiki, skilvirkni, iðjusemi, leiðtogaþæfileikar, lipurð, röggsemi, samskiptahæfileikar, sköpunargáfa, stjórnkænska, stundvísi, sveigjanleiki, útsjónarsemi, verklagni, yfirsýn.

Næsti yfirmaður starfsmanns skal meta sérstaka færni starfsmannsins í starfsmannasamtali.

3.3 Röðun í launaflokka

Starfsmanni skal raðað í launaflokk með þeim hætti að lögð eru saman stig fyrir hvern matsþátt og þeim bætt við grunnstig viðkomandi starfsheitis. 120 stig gefa launaflokk 40 í launatöflu samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og FÍN og færri stig launaflokk í réttu hlutfalli. Starfsmaður færist upp um launaflokk þegar hann hefur náð fullri stigatölu þess flokks þannig að 3 stig gefa launaflokk 1, 6 stig launaflokk 2 o.s.frv.

3.4 Framgangur í starfi

Í samræmi við starfsmannastefnu Lbhí fer árlega fram sérstakt starfsmannasamtal (TMT=Tveggja manna tal). Í því samtali er m.a. lagt mat á árangur í starfi hvers starfsmanns með tilliti til einstakra starfsþátta. Mati þessu skal lokið fyrir 1. mars fyrir árið á undan og stigagjöf endurskoðuð í kjölfarið. Við matið skal stuðst við kennslu, stjórnun, rannsóknir, starfsmannasamtal (TMT) og annað á liðnu ári.

Jafnframt skal taka tillit til þess hafi starfsmaður hlotið framgang úr lektor í dósent eða úr dósent í prófessor.

Hver starfsmaður á rétt á launaviðtali árlega.

3.5 Samráð um röðun

Stofnunin skal upplýsa trúnaðarmenn félagsins um röðun og stigagjöf nýrra starfsmanna .

3.6 Réttur til endurmats

Telji starfsmaður að miðað við fyrirliggjandi forsendur sé honum ekki rétt raðað á hann kröfu á endurmati. Sé ágreiningur milli starfsmanns og stofnunar um mat á einstökum verkum skal samstarfsnefnd fjalla um ágreininginn og fáist ekki lausn má kalla til sérstaka matsnefnd. Þegar óskað er endurmats er gildistími hækkunar hinn sami og þess mats sem kært er.

Á
TR
AL
J.G.

4 Afkastahvetjandi þættir

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi hafa aðilar orðið sammála um að greiða árlega fyrir verkþætti sem eru á fagsviði stofnunarinnar og ekki er greitt fyrir sérstaklega af öðrum aðilum. Verkþætti skal meta með eftirfarandi hætti:

A. Rannsóknir

A.1. Fræðibækur og greinar í alþjóðlegum ritrýndum ritum og þátttaka í erlendu rannsóknarsamstarfi:

Heil bók	>100
Ritstjórn á fræðibók	50-100
Grein í alþjóðlegt tímarit (SCI) og bókarkafli	50-100
Grein í önnur ritrýnd tímarit	30-50
Grein í erlent ráðstefnurit	10-40
Ritrýndur útdráttur (erindi/veggspjald)	5-10
Þátttaka og virkni í alþjóðlegu vísindasamstarfi	5-30

A.2. Greinar á íslensku:

Fræðigrein í ritrýnd rit	30-50
Grein í innlent ráðstefnurit (eftir eðli og umfangi)	5-20
Fræðapíng (löng grein)	10
Fræðapíng (veggspjaldsgrein)	5
Grein í almennt rit (t.d. Freyr, Bændablaðið)	2-10

A.3. Skýrslur og álitsgerðir:

Fer eftir eðli og umfangi	5-100
---------------------------	-------

A.4. Fræðileg erindi og veggspjöld án greinabirtingar:

Einungis er umbunað fyrir erindi þar sem fram kemur að viðkomandi er starfsmaður stofnunarinnar og ekki er greitt fyrir af öðrum.

Erindi flutt einu sinni	4-7
Endurtekið efni	2-4
Veggspjöld	2

A.5. Verkþættir innan rannsóknarverkefna, sem leiða til skila sbr. A-lið 1-4 en starfsmaður er ekki skráður sem höfundur að:

Gagnaöflun	5-10
Úrvinnsla gagna, t.d. tölfræðiúrvinnsla, sýnavinnsla, myndvinnsla	5-10
Kort	5-10

B. Kennsla, leiðbeiningar, ráðgjöf

B.1. Leiðbeining nemenda

Minni verkefni, starfspjálfun o.fl.	1-5
BS ritgerðir, 5e	5
BS Hon. ritgerðir, 9e	10

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'A', 'TR', 'AL', and 'G'.

MS ritgerðir, < 25e	16
MS ritgerðir, 25-35e	20
MS ritgerðir > 35e	24
PhD ritgerðir	50
Seta í MS nefnd (aðrir en aðalleiðbeinandi)	5
Seta í PhD nefnd (aðrir en aðalleiðbeinandi)	15

B.2. Kennslurit:

Smárit	1-10
Kennsluefni og fræðsluefni	10-100
Kennslubækur	>100

B.3. Nýsköpun í kennslu

5-50

Hægt er að fá metna vinnu við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum. Skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat skv. þessum lið.

- Skipulagning og skilgreining nýrra námsleiða
- Endurskipulagningu námskeiða
- Uppfærsla námsefnis
- Skilgreiningu nýrra námskeiða
- Þróun kennsluaðferða
- Annað

B.4. Leiðbeiningar til atvinnulífsins og samfélagsins

Erindi á fundum/ráðstefnum	3-5
Framlag á námskeiðum (ef ekki greitt fyrir af námskeiðshaldara) Fer eftir eðli og umfangi hverju sinni	3-10

B.5. Kynning á Lbhí og þátttaka í samfélagslegri umræðu

Almenn erindi á fundum/ráðstefnum	3-5
Greinaskrif í dagblöð	2-6
Viðtal í fjölmiðli	2-5
Móttaka gesta og kynning á Lbhí	2-5

C. Annað

Hér undir fellur undirbúningur, umsjón og þátttaka í sérstökum átaksverkefnum (ekki rannsóknarverkefnum) og aðrir þættir skv. ákvörðun úthlutunarnefndar hverju sinni. Greinargerð um þessa liði fylgi umsókn um mat.

Umbun greiðist þegar tilteknum, skilgreindum áföngum er náð. <100

Hér fyrir neðan er upptalning á þáttum sem m.a. koma til álita:

C.1. Álag vegna tímabundinna þátta.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'J.G.' and 'A.R.']

Undirbúningur og umsjón viðburða, s.s. málþinga, ráðstefna eða opinna daga, ásamt móttöku nemenda/gesta

C.2. Sérstök átaksverkefni (Skilgreining nýrra verkferla).

Innleiðing nýrra forrita

Innleiðing og notkun nýrra tækja

Innleiðing eða þróun vinnuaðferða, t.d. við upplýsingaöflun, sýnavinnslu og fl.

Innleiðing eða þróun gæðastýringar á tilteknum verkferlum

Þróun og uppsetning vefsíðna

C.3 Nýsköpun í þjónustu.

Öflun nýrra verkefna sem leiða af sér betri nýtingu tækja, aðstöðu og/eða fjármagns

Vinna við samstarfssamninga við háskóla, stofnanir og/eða fyrirtæki

Ný verkefni eða námskeið á starfssviði skólans

Þátttaka í nýsköpunarverkefnum

Hönnun, listsköpun og skipulag

C.4. Umfangsmikil nefndarstörf, formleg og/eða óformleg sem ekki eru á skilgreindu verksviði starfsmanns, en stofnunin nýtur góðs af.

Stefnumörkun og/eða eftirfylgni, t.d starfsmannastefna, umhverfisstefna,

jafnréttisstefna

Framtak eða félagsstörf sem leiða til bættis vinnuanda, liðsheildar, starfsumhverfis og þ.h.

D. Öflun nýrra tekjustofna eða árangur vegna hagræðingar

D.1. Rannsóknastyrkir

Stig

- | | |
|---|-------|
| - A umsókn í samkeppnissjóði, enginn styrkur | 10 |
| - Sértekjur vegna rannsóknaverkefna > 1 ársverk (5 millj.)/ár | 50 |
| - Sértekjur vegna rannsóknaverkefna < 1 ársverk | 10-40 |

D.2. Annar árangur

- | | |
|---------------------------------|------|
| - Aðrar tekjur | 1-50 |
| - Hagræðing og aukin framleiðni | 1-50 |
| - Samningar | 1-50 |

t.d. sértekjur vegna útseldrar vinnu, námskeiðshalds, hagstæðra samninga og/eða innkaupa eða vegna aukins afraksturs, t.d. búreksturs.

Sértekjur vegna útseldrar vinnu

Sértekjur vegna námskeiðshalds

Sértekjur vegna hagstæðra samninga og/eða innkaupa

Sértekjur vegna aukins afraksturs, t.d. búreksturs

Greinargerð um þessa liði fylgi umsókn, ásamt samþykki yfirmanns.

Útfærsla

- a) Rektor skipar matsnefnd er í sitja aðstoðarrektor rannsóknamála og tveir starfsmenn Lbhí sem FÍN samþykkir.
- b) Fyrir 15. nóvember ár hvert skulu starfsmenn skila yfirliti til nefndarinnar um þau verk sem til greina geta komið við úthlutun. Nefndarmenn eru vanhæfir til þess að meta eigin verk og skulu víkja á meðan fjallað er um verk þeirra.
- c) Þættir eru metnir til eininga skv. ofanskráðri viðmiðun. Aðeins er greitt fyrir þá þætti sem eru á fagsviði stofnunarinnar og ekki er greitt fyrir sérstaklega skv. tímamælingu af verkbeiðanda. Kvarðinn er til viðmiðunar og heimilt er að víkja frá honum liggi til þess gildar ástæður að mati úthlutunarnefndar. Slík frávik skal rökstyðja með skriflegum hætti og skal senda viðkomandi trúnaðarmönnum afrit þess rökstuðnings.
- d) Komi fleiri en einn starfsmaður að einhverju tilteknu verki skal meta hlut hvers og eins.
- e) Eftirfarandi reiknireglur gilda um greinaskrif:
Tveir höfundar 1,35*einangar/3 ; 1. höfundur fær 2 af 3 hlutum
Þrjú höfundar 1,60*einangar/4 ; 1. höfundur fær 2 af 4 hlutum
Fjórir eða fleiri 1,75*einangar/5 ; 1. höfundur fær 2 af 5 hlutum
- f) Varið er 6 % af grunnlaunum félagsmanna FÍN í rekstri stofnunarinnar á hverju ári í afkastahvetjandi þætti. Frá og með árinu 2015 hækkar þessi tala í 8%.
- g) Verðgildi hvernar einangar miðast við yfirvinnutaxta skv. launatölu sem ákvarðast af grunnröðun starfaflokks S4 að viðbættum sjö launaflokkum. Starfsmaður fær greiddan þann fjölda yfirvinnutíma sem jafnar þá upphæð að lágmarki.
- h) Allir starfsmenn sem skila inn yfirliti um verkþætti sem koma til álita fyrir afkastahvetjandi greiðslu fá að grunni til 30 stig. Er þetta gert til þess að jafna aðstöðu starfsmanna sem annars vegar sinna akademískum störfum og hins vegar þeirra sem falla undir aðra skilgreiningu.

Uppgjör samkvæmt þessu kerfi skal miðast við 12 mánaða tímabil, 1. nóvember til 31. október ár hver. Gert er upp í árslok.

5 Ákvæði um gildistíma og endurskoðun.

Samningur þessi gildir frá 1.mars 2014. Aðilar eru sammála um að endurskoða, ef þörf krefur, ákvæði þessa samkomulags ef annar hvor aðili óskar þess..

6 Listi yfir fylgiskjöl með samningi þessum.

Fylgiskjal 1. Útreikningur á vinnu kennara við námskeið og önnur störf tengd kennslu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, dags 19.nóvember 2004.

Fylgiskjal 2. Matsrammi opinberra háskóla sem samþykkuð var í desember 2013 og tekur gildi 2014.

6.mái 2014

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Paula Hildrösson
Jón Guðmundsson
Þorbjörg Valdís Kumpand.

f.h. Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Þórhildur
Ibenedicte Ragnars
Aslang Helgadóttir

Bókanir

Bókun 1.

Starfsmenn stofnunarinnar 1. janúar 2005 geta óskað eftir því við deildarforseta að gera samkomulag um aðra skiptingu milli einstakra verkþátta en kveður á um í kafla 2.2.

Bókun 2.

Vegna kafla 2.3 er lögð áhersla á reglubundna endurskoðun verkáætlana þannig að brugðist verði við í tíma ef forsendur breytast og þannig sé á hverjum tíma ávallt ljóst ef taka á frí á mótí yfirvinnu.

Yfirlýsing yfirstjórnar Lbhí

Yfirstjórn Lbhí lýsir því yfir að við árlega endurskoðun röðunar starfsmanna skv. samningi þessum verður lögð áhersla á samkeppnishæfni stofnunarinnar um hæft starfsfólk.

Fylgiskjal 1. með stofnanasamningi LBH og FÍN

Útreikningur á vinnu kennara við námskeið og önnur störf tengd kennslu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Inngangur.

Í tengslum við stofnanasamning milli FÍN og LBH sem gerður er í kjölfar aðalkjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra hefur verið nokkuð rætt um hvernig meta beri vinnu við námskeið og önnur störf tengd kennslu við skólann. Ástæða þessarar umræðu er að nokkurrar óánægju gætir með núverandi matskerfi.

Mörg álitamál koma upp í núverandi kerfi og tengjast þau einkum skiptingu námsgreina milli bóklegra og verklegra kennslustunda, skiptingu bekkjardeildar og mat á einstökum kennsluþáttum. Þá hefur verið afar mismunandi hvernig kennarar hafa skilað inn kennsluáætlunum og þannig hefur myndast misræmi. Enn má nefna að núverandi aðferð gerir erfitt að áætla kennslukostnað þar sem útfærsla umsjónarmanna námskeiða getur gjörbreytt kostnaði við þau.

Það hefur því komið til álita að taka upp sveigjanlegra kerfi sem skapaði kennurum aukna möguleika til að skipuleggja námskeið í samræmi við markmið þeirra, námsefni, námskröfur og áherslur. Þegar farið var að ræða þessa hugmynd kom í ljós að við Kennaraháskóla Íslands hafði verið farin svipuð leið og kerfið sem tekið hefur verið upp þar miða að sama markmiði og það sem rætt hefur verið í tengslum við samningagerð okkar. Það var því ákveðið að laga það kerfi að okkar aðstæðum. Með þessu nýja kerfi er í raun að mestu hætt að telja einstakar vinnustundir / kennslustundir á bak við hvert námskeið. Þegar vinnuframlag við kennslu er metið er tekið mið af eftirfarandi þáttum.

1. greiðslur fyrir kennslu fari eftir nemendafjölda og stærð námskeiða í einingum
2. bókleg námskeið verði metin eins og verkleg námskeið
3. staðbundin kennsla verði lögð að jöfnu við fjarkennslu
4. kennari hafi frjálssar hendur um framkvæmd kennslu, þó þannig að kenndar stundir á einingu/nemanda verði að jafnaði á bilinu 10-15 í háskólanámi og 20- 26 í búnaðarnámi og kennsla að öðru leyti í samræmi við almennar reglur skólans
5. kennsla í búnaðarnámi verði metin sem hlutfall af kennslu í háskólanámi
6. kennsla í nýjum áföngum bæði í staðbundnu námi og fjarnámi verði mætt með álagi
7. þrátt fyrir ákvæði í lið 1 skal mæta undantekningartilvikum með álagi þar sem kennsluáðstaða eða kennslubúnaður eru takmarkandi um hópastærðir

Með hliðsjón af þessum viðmiðunum eru eftirfarandi tillögur gerðar til að meta kennslu við LBH þar sem vinnuframlag er metið á grundvelli einingafjölda í hverju námskeiði og fjölda nemenda sem skráðir eru í viðkomandi námskeið.

Tillögur.

Tillögurnar eru gerðar bæði fyrir háskólanámið og búnaðarnámið og í báðum tilvikum miðaðar við að ákveðinn vinnustundafjöldi sé greiddur fyrir hvert námskeið miðað við fjölda nemenda og umfang námskeiðs. Gert er ráð fyrir að öll kennsla (staðbundin kennsla, fjarnám, bókleg kennsla og verkleg) verði reiknuð út með sama hætti, með þeirri undantekningu að þegar námsefni eða kennsluáðstaður krefjast þess að kennt sé í minni námshópum en 10 manna hópum, geti umsjónarmenn námskeiða sótt um viðbótartímamagn til frekari hópaskiptingar.

Þessar tillögur miða við að vinna við staðbundin námskeið og námskeið í fjarnámi sé reiknuð eins. Sá vandi blasir við að um leið og hópurinn verður blandaður eykst vinna kennara umfram það sem væri ef allir þátttakendur væru annað hvort í staðbundnu námi eða fjarnámi. Með

M
HGF
ALP
HBE

M
HGF
HBE

hlíðsjón af þessu er lagt til að í þeim námskeiðum þar sem nemendahópurinn er blandaður reiknist hver fjarnemi sem tveir nemendur í staðbundnu námi. Þegar námskeið eru sameiginleg milli námsbrauta er vinna við þau reiknuð sem um sjálfstæð námskeið væri að ræða, nema unnt sé að kenna þau sem eitt heildstætt námskeið.

Háskólanám.

Varðandi háskólanámið er viðmiðunin þannig að fyrir námskeið sem er tvær einingar fær kennari 151 vinnustund miðað við tíu til ellefu nemendur. Fyrir hvern nemanda umfram ellefu bætist við 1,85 stund fyrir hverja einingu. Hverju námskeiði fylgir þannig lágmarksfjöldi vinnustunda og síðan bætist við 1,85 stund fyrir hvern nemanda miðað við hverja einingu.

Samkvæmt þessum tillögum hafa umsjónarmenn námskeiða nær frjálssar hendur um fjölda kennslustunda á hverju námskeiði en til viðmiðunar er lagt til að kenndar stundir á hverju námskeiði í staðbundnu námi verði 10 til 15 stundir miðað við hverja einingu eftir eðli viðfangsefna. Í undantekningartilvikum, verði heimilt að kenna fleiri stundir, en þær verði þó aldrei fleiri en þrjátíu.

Eftirfarandi tafla sýnir viðmiðunarreglurnar.

Stærð námskeiðs	Lágmarkstímafjöldi (miðað við 10-11 nemendur)	Viðbótartími fyrir hvern nemanda (umfram 11)
1	83	1,9 (1*1,85)
2	151	3,7 (2*1,85)
3	210	5,5 (3*1,85)
4	263	7,4 (4*1,85)
5	307	9,2 (5*1,85)

Gert er ráð fyrir að nemendur verði að jafnaði eigi færri en 10 í hverju námskeiði en greiðslur skerðist ekki þó ákveðið verði að kenna færri nemendum. Þegar um einstaklingsnámskeið er að ræða skulu þó gilda sérstakar reglur þess efnis að vinnumagn teljist 30 % af því vinnumagni sem væri til ráðstöfunar ef námskeiðið væri kennt með hefðbundnum hætti.

Búnaðarnám.

Varðandi búnaðarnámið er viðmiðunin þannig að fyrir námskeið sem er tvær einingar fær kennari 91 vinnustund miðað við tíu til ellefu nemendur. Fyrir hvern nemanda umfram ellefu bætist við 1,11 stund fyrir hverja einingu. Hverju námskeiði fylgir þannig lágmarksfjöldi vinnustunda og síðan bætist við 1,11 stund fyrir hvern nemanda miðað við hverja einingu. Til viðmiðunar er lagt til að kenndar stundir á hverju námskeiði í staðbundnu námi verði 20-26 stundir miðað við hverja einingu eftir eðli viðfangsefna.

Eftirfarandi tafla sýnir viðmiðunarreglurnar

Stærð námskeiðs	Lágmarkstímafjöldi (miðað við 10-11 nemendur)	Viðbótartími fyrir hvern nemanda (umfram 11)
1	50	1,1 (1*1,11)
2	91	2,2 (2*1,11)
3	128	3,3 (3*1,11)
4	158	4,4 (4*1,11)
5	184	5,6 (5*1,11)

[Handwritten signature]

[Handwritten initials]

Þegar um einstaklingsnámskeið er að ræða skulu þó gilda sérstakar reglur þess efnis að vinnumagn teljist 30 % af því vinnumagni sem væri til ráðstöfunar ef námskeiðið væri kennt með hefðbundnum hætti.

Aðrar greiðslur.

Með þessu kerfi er gert ráð fyrir að greiðslur fyrir próf, endurtöku- og sjúkrapróf, leiðbeiningar með lokaverkefnum og álagsgreiðslur vegna sérstakra aðstæðna verði samkvæmt eftirfarandi tillögum.

Prófdæming.

Greiðslur fyrir prófdæmingu verður samkvæmt sérstakri vinnutímatöflu fyrir háskóla- og búnaðarnám.

Endurtöku- og sjúkrapróf.

Greiðslur fyrir endurtöku- og sjúkrapróf verður samkvæmt sérstakri vinnutímatöflu fyrir háskóla- og búnaðarnám.

Umsjón með lokaritgerðum.

Leiðsögn með lokaritgerðum í háskólanámi:

BS-ritgerðir. Fyrir leiðsögn með 5e BS-90 ritgerð eru greiddar eru 30 stundir fyrir hvern nemanda. Fyrir leiðsögn með 9e kandidatsritgerð eru greiddar eru 50 stundir fyrir hvern nemanda.

MS-ritgerðir. Fyrir leiðsögn með 15e meistaraþrófsverkefnum verði greiddar 80 stundir fyrir hvern nemanda. Fyrir leiðsögn með 30e meistaraþrófsverkefnum verði greiddar 120 stundir fyrir hvern nemanda. Fyrir leiðsögn með 45e meistaraþrófsverkefnum verði greiddar 145 stundir fyrir hvern nemanda.

Leiðsögn með lokaritgerðum í búnaðarnámi:

Fyrir leiðsögn með 2e lokaritgerð eru greiddar 15 stundir fyrir hvern nemanda.

Staðbundið nám

Þegar nýr áfangi er boðinn fram í fyrsta sinn greiðast sérstaklega 45 vst í búnaðarnámi og 75 vst í háskólanámi (á hverja einingu) vegna undirbúnings við áfangann.

Ef kennslugögn sem kennarinn fær í hendur er hinsvegar mjög ábótavant eða áfangalýsing tekið verulegum breytingum frá því áfanginn var síðast kenndur, greiðast sérstaklega 30-45 vst. í búnaðarnámi og 50-75 vst í háskólanámi (á hverja einingu). Kennslustjóri tekur ákvörðun um vinnustundafjölda.

Skáletrað ákvæði gildir frá 1. ágúst 2004.

Fjarnám.

Mat á vinnumagni við kennslu í fjarnámi skulu vera með sama hætti og í staðbundnu námi. Á þessari reglu eru eftirfarandi undantekningar.

Þegar áfangi er kenndur í fyrsta sinn greiðast sérstaklega 45 vst í búnaðarnámi og 75 vst í háskólanámi (á hverja einingu) vegna undirbúnings við áfangann.

Þegar kennari kennir fjarnámsáfanga í fyrsta sinn sem áður hefur verið kenndur skal greiða 30 % álag á þá kennslu.

Þegar nemendur í fjarnámsáfanga eru fleiri en 10 skal kenna hann sem sjálfstæðan áfanga og vinnumagn miðað við að nemendafjöldi sé tvöfaldaður.

Þessi regla gildir bæði fyrir háskólanámið og búnaðarnámið.

Samkomulag um mat á fjarkennslu við bændadeild.

1. Þegar staðnám og fjarnám er kennt í blandaðri kennslu í bændadeild skal greiða sérstaklega grunnvinnu vegna fjarnema. Vinnumagnið er þannig fundið að 20 vinnustundir eru greiddar fyrir áfanga sem er 1 eining og síðan 10 vst. fyrir hverja einingu umfram það. Fjarnemar í blandaðri kennslu verða þó aldrei fleiri en 12 og hver

SM
HGG
dip JBB

US
RB
JP

fjarnemi telst sem tveir í staðnámi. Þegar nemendur í fjarnámi eru 13 eða fleiri skal kenna áfangann sem sjálfstæðan áfanga og vinnumagn reiknað samkvæmt reglum um kennslumagn og hver nemandi telst tvöfaldur.

2. Um fjarnám gilda að öðru leyti ákvæði stofnansamnings aðila.

3. Gildistími: Samkomulagið gildi frá og með 1.janúar 2004.

Bráðabirgðaákvæði með samkomulagi þessu.

Ákvæði um nemendafjölda í 1.lið í þessu samkomulagi tekur gildi 1.ágúst 2004.

Hópaskipting v/kennslu.

Í verklegri kennslu skal almennt miða við að hópstærð sé 12 nemendur enda sé aðbúnaður eða kennsluaðstaða ekki hamlandi.

Álagsgreiðsla fyrir hvern 12 nemenda hóp sé 25 vst. á hverja einingu í námsgrein og hlutfall af þeirri tölu. (Dæmi: Nú er 10% námsgreinar sem eru 2 ein. Kenni í 2 flokkum og bætast þá við 5 stundir á vinnumagn vegna kennslu).

Þar sem kennsluaðstaða eða búnaður takmarka fjölda nemenda enn frekar og skal þá greiða 15 stundir fyrir hvern hóp umfram tvo á hverja einingu og hlutfall af þeirri tölu. (Dæmi: Nú er 10% námsgreinar sem eru 2 ein. kenni í 3 flokkum og bætast þá við 4+3 stundir á vinnumagn vegna kennslu).

Kennslustjóri ákvarðar hópstærðir.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1.september 2004.

Endurmenntunarnámskeið.

Mat á vinnumagni við kennslu á endurmenntunarnámskeiðum skal vera með sama hætti og í öðru námi og notaðar sömu vinnutímatöflur og þar eru notaðar. Vinnutími er reiknaður þannig að eins dagsnámskeið (8-10 kennslustundir) telst 0, 5 einingar, tveggja daga námskeið telst ein eining o.s.frv. Það vinnumagn sem reiknast samkvæmt viðmiðunartöflu skal margfalda með 1,5 til að finna vinnumagn sem greiða skal fyrir viðkomandi námskeið. Þessi regla gildir bæði fyrir háskólanám og búnaðarnám. Þegar um er að ræða ný endurmenntunarnámskeið þá skal greiða sérstaklega 45 vinnustundir (fyrir hverja einingu) vegna frumvinnu við hvert nýtt námskeið. Innifalið í þeirri vinnu skal vera kennsluefni, kennsluáætlun og námskeiðsgögn öll.

Þórunn Mair

Halldór Þorgeirsson
Hermann Jónsson
Hafsteinn Ólafsson

Hanneyri 19/11/04

Magnum Jónsson
Ríkharður Björnsson
Hafþór R. Pétursson

ABÖ
JM
HGG
OP

Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla, eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur hún einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur sé metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Það verður æ algengara að tímarit birti greinar fyrst rafrænt á vef og síðar á prenti. Til að taka af öll tvímæli er minnt á að útgáfuár ritverka telst vera það ár sem þau birtast á prenti. Engu að síður er heimilt að telja fram tímaritsgrein á því ári sem hún er birt fyrst á vef en greinin kemur þó ekki til mats fyrr en á árinu sem hún birtist á prenti. Ef eingöngu er um vefútgáfu að ræða er greinin tekin til mats á því ári sem hún birtist fyrst á vef.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfis, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólaþétt sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

A - hluti Rannsóknir

a) Deiliregla vegna fjölhöfundaefnis

Deiliregla þessi tekur til bóka (A2), bókakafla (A3), tímaritsgreina (A4), ráðstefnurita (A5), fræðilegrar ritstjórnar (A7), skýrslna, ritdóma og þýðinga (A8), námsefnisgerðar (A9) og til nýsköpunar (A10). Þegar höfundar eru fleiri en einn reiknast stig á eftirfarandi hátt:

Tveir höfundar	1,5 x stig / 2
Þrír höfundar	1,8 x stig / 3
Fjórir höfundar eða fl.	2,0 x stig / fjölda höfunda

Allt að tvö fjölhöfundaverk framteljanda fá viðbótarstig á ári hverju samkvæmt eftirfarandi:

1. Ef framteljandi hefur fjögur eða færri fjölhöfundarverk er valið eitt verk sem færir honum til viðbótar helming af mismuninum á milli veittra stiga og grunnstiga viðkomandi ritverks. Ávallt er valið það ritverk sem hagstæðast er fyrir viðkomandi, þ.e. gefur flest stig *eftir* útreikning.

2. Ef viðkomandi birtir fimm eða fleiri fjölhöfundaverk á árinu eru valin tvö ritverk sem hvort um sig gefa framteljanda helming af mismuninum á milli veittra stiga og grunnstiga beggja ritverkanna á sama hátt og í lið 1. að ofan.

Samkvæmt framansögðu fær framteljandi viðbótarstig fyrir eitt ritverk ef hann birtir fjögur eða færri fjölhöfundaverk á ári. Ef framteljandi birtir fimm eða fleiri fjölhöfundaverk á ári fær hann viðbótarstig fyrir tvö slík verk.

Dæmi:

Ef um er að ræða ritverk sem gefur 20 grunnstig með sex höfundum fást fyrst 6,7 stig ($2 \cdot 20 / 6 = 6,67$). Til viðbótar (samkvæmt tl. 1 að framan) fæst mismunurinn á veittum stigum (6,67) og grunnstigum (20) sem er 13,33 stig. Samkvæmt deilireglunni fæst helmingur mismunarins til viðbótar eða 6,67 stig. Ritverkið færir því höfundi 13,34 stig. Ef fjölhöfundarritverk viðkomandi höfundar eru fimm eða fleiri endurtekur reglan sig. Er þá valið það ritverk sem færir höfundi næstflest viðbótarstig.

Til frekari skýringar má nefna að eftir því sem höfundum ritverks fjölgar eykst viðbótin samkvæmt reglu þessari.

b) Sérstakt mat

Kennarar og sérfræðingar geta óskað eftir því að verk sem falla undir liði A.2.-A.5, A7.2 og A8.1. verði metin sérstaklega og hefur matsnefnd heimild til að víkja frá þeim matsramma (grunnstiga hámark) sem um ritverkið gildir. Óski kennari eða sérfræðingur eftir því að vikið verði frá hámarksstigafjölda skal hann rökstyðja það sérstaklega. Sýna þarf fram á að viðkomandi verk sé óvenju veigamikilið eða hafi birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Leitað verður aðstoðar sérfróðra manna við sérstakt mat. Matsnefndir og vísindasvið skulu jafnframt hafa frumkvæði að því að framlögð verk, sem birt eru á vettvangi sem gerir óvenju strangar kröfur, verði lögð undir sérstakt mat.

c) Endurmat

Kennarar og sérfræðingar geta á fimm ára fresti óskað eftir endurmati á verkum sem hafa vakið sérstaka athygli eða hafa haft óvenju mikil áhrif á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins. Leitað verður til sérfróðra manna á viðkomandi fræðasviði til að aðstoða við matið.

Matsflokkar A1 til A12

A1 Lokaritgerðir

A1.1 Kandidats- eða meistararitgerð (15 stig)

A1.2 Doktorsritgerð (30 stig)

Koma þarf fram við hvaða háskóla prófritgerð er skrifuð og hvenær, svo og titill og blaðsíðufjöldi. Ef taldar eru fram tvær ritgerðir á sama stigi er gefið fyrir báðar. Ef birtar eru á viðurkenndum vísindavettvangi greinar, bók eða annað efni sem byggt er á doktorsritgerð eða meistararitgerð er slíkar birtingar jafnframt metnar til stiga eins og önnur verk í viðeigandi flokkum.

A2 og A3. Bækur og bókakafar

Bókaverk eru flokkuð í fjóra flokka, sbr. neðangreint. Sérstök nefnd þriggja sérfræðinga, sem vísindanefnd opinberra háskóla skipar, annast mat og flokkun bóka og bókakafra. Nefndin skal eftir atvikum leita sér aðstoðar annarra sérfræðinga við mat á einstökum bókum og bókaköflum. Við það mat skal horft til þess hvort bókaverk standist alþjóðlegar kröfur um ritstjórnarlega umgjörð og fræðilegt framlag, án tillits til þess á hvaða tungumáli þau eru skrifuð. Hliðsjón er einnig höfð af því hvernig tímaritsgreinar eru metnar (sbr. flokkunina í A4). Vísindanefnd opinberra háskóla er heimilt að semja nánari leiðbeiningar um mat og flokkun bóka.

A2 Bækur

A2.1. Ritrynd útgáfa hjá virtustu vísindaförlögum heims (allt að 100 stig)

Bækur sem gefnar eru út hjá virtustu vísindaförlögum heims. Eftirfarandi förlög falla í þennan flokk:

Cambridge University Press,

Elsevier

Harvard University Press

John Wiley & Sons (þ.á m. Blackwell Publishing)

Kluwer/Springer

Oxford University Press

Taylor and Francis (þ.á m. Routledge)

Framangreindur listi um virtustu vísindaförlög heims er ekki tæmandi. Höfundar ritverka sem gefin eru út hjá öðrum sambærilegum akademískum förlögum geta óskað eftir því að ritverk þeirra verði metið í þessum flokki, þetta á t.d. við um förlög sem eru mjög framarlega á tilteknum þröngum fræðasviðum.

A2.2. Alþjóðleg ritrynd útgáfa og innlend ritrynd útgáfa með alþjóðlega skírskotun (allt að 75 stig)

Innlend ritrynd ritverk teljast hafa alþjóðlega skírskotun ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) Verkin uppfylla kröfur um þekkingarsköpun í alþjóðlegri vísindaumræðu samtímans.

- 2) Útgefandinn tryggir aðgengileika verka erlendis (t.d. með umboðsaðilum), þannig að hægt sé að nálgast þau á alþjóðlegum bókakaupalistum.
- 3) Auk ritryni sinnir forlagið virkri fræðilegri ritstjórn.
- 4) Ef verkið er á íslensku skal fylgja því útdráttur á ensku (eða öðru útbreiddu tungumáli).

A2.3. Íslensk eða erlend ritrynd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag (allt að 50 stig)

Hér er t.d. átt við ritrynd ritverk sem gefin eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum en er einkum beint til staðbundins fræðasamfélags (e. „domestic academic community“) og uppfylla ekki öll þau skilyrði sem sett eru um flokk tvö. Gerð er skýlaus krafa um að verk í þessum flokki byggji á sjálfstæðum rannsóknum en gildi þeirra getur jafnframt falist í vissu miðlunarhlutverki, þ.e. að þau beini alþjóðlegri vísindaumræðu og kenningum inn í staðbundið fræðasamfélag.

A2.4. Aðrar bækur (allt að 25 stig)

Í þennan flokk falla ritrynd vísindarit og önnur mikilvæg fræðirit sem einkum er beint til staðbundins fræðasamfélags.

A2.5. Endurútgáfur (allt að 10 stig).

Endurútgáfur þurfa að fela í sér umtalsverðar breytingar.

A3. Bókakaflar

Bókakaflar eru metnir í fjórum flokkum og gilda sömu kröfur um þá og um flokka bóka (A2.1. til A2.4.) hér að framan.

A3.1. Ritrynd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims (20 stig).

A3.2. Alþjóðleg ritrynd útgáfa og innlend ritrynd útgáfa með alþjóðlega skirskotun (15 stig).

A3.3. Íslensk eða erlend ritrynd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag (10 stig).

A3.4. Kaflar í öðrum bókum (0-5 stig).

A4 Tímaritsgreinar

A4.1 Grein birt í ISI-tímariti með háan áhrifastuðul og í tímariti sem raðast í A-flokk skv. ERIH (20 stig).

Svokölluð ISI-tímarit eru alþjóðleg vísindatímarit sem skráð eru í sérstaka gagnagrunna á vegum *Thomson Reuters*. Greinar í slíkum tímaritum með það háan áhrifastuðul (e. impact factor) að þau raðast í efstu 20% í sínum flokki fá 20 stig. Flokkunarkerfið ERIH byggist á jafningjamati og er á vegum *European Science Foundation* og kallast *European Research Index for the Humanities*.

A4.2. Aðrar greinar í ISI tímaritum, greinar í Scopus tímaritum, greinar í B-flokki skv. ERIH eða greinar sem fá 1. einkunn í könnun fyrir tímarit (15 stig).

A4.3. Greinar tímaritum í C-flokki í ERIH og greinar sem fá 2. einkunn í könnun fyrir tímarit (10 stig).

A4.4 Greinar birtar í tímaritum sem fá 3. einkunn í könnun fyrir tímarit (5 stig).

Í viðauka má sjá þær forsendur sem könnunin byggist á og hvernig tímarit eru flokkuð á grundvelli niðurstöðunnar.

A5 Greinar í ráðstefnuritum

Alþjóðleg vísindaráðstefna þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Opinber dagskrá.
2. Þátttakendur valdir á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar.
3. Að minnsta kosti 15 fyrirlesarar taka þátt.
4. Að minnsta kosti 5 þeirra starfi erlendis.

Útdrættir og lengdir útdrættir eru ekki metnir til stiga.

A5.1 Grein birt í ráðstefnuriti í úrvalsflokki (10 stig)

Ritryndar greinar í ráðstefnuritum sem eru viðurkennt birtingarform á viðkomandi fræðasviði. Slík ráðstefnurit skulu vera aðgengileg í alþjóðlegum gagnagrunnum. Dæmi um þess háttar gagnagrunna eru:

IEEE Xplore: <http://ieeexplore.ieee.org>
MSME digital store: <http://store.asme.org/>
SPIE: <http://spie.org>
ASCE: <http://www.asce.org>
ACM Digital Library: <http://portal.acm.org>

Listinn er ekki tæmandi. Matsnefndir meta þau tilvik sem upp koma hverju sinni.

A5.2 Grein í öðru ráðstefnuriti (3-5 stig)

Hér er átt við ritrynd ráðstefnurit. Við ákvörðun um stigamat er litið til vinnubragða við ritryni.

A6 Fyrirlestrar og veggspjöld (hámark 20 stig á ári)

A6.1 Plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu (5 stig).

A6.2 Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (3 stig).

A6.3 Erindi á alþjóðlegri ráðstefnu (3 stig).

A6.4 Erindi á innlendri ráðstefnu (2 stig).

A6.5 Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa (1 stig).

A6.6 Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu (2 stig).

A6.7 Veggspjald á innlendri ráðstefnu (1 stig).

Dagskrá ráðstefnu eða fundar þarf að liggja fyrir. Boðsbréf þarf að fylgja framtali þegar um er að ræða plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur (A6.1) og opinberan boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (A6.2). Plenum-fyrirlestur á mjög stórri ráðstefnu (fleiri en 1.000 þátttakendur) má meta til 10 stiga. Stig fyrir erindi og veggspjöld eru veitt þeim sem flytur. Þó fá kennarar og sérfræðingar stig ef erindi/veggspjald er flutt/kynnt af stúdent þeirra og er stigafjöldi þá reiknaður samkvæmt almennri deilireglu og miðað við að höfundar séu tveir. Þegar tveir eða fleiri kennarar eða sérfræðingar flytja sama erindi skiptast stigin jafnt á milli þeirra sem flytja og minnt er á að fjölhöfundareglan gildir ekki um flokk A6.

Vakin er athygli á að ekki er unnt að veita fleiri en 20 stig á ári fyrir erindi og veggspjöld sem metin eru í flokki A6.

Þegar kennari eða sérfræðingur er með óvenju mörg framlög (veggspjald og/eða erindi) á sömu ráðstefnu er heimilt að setja þak á fjölda stiga ef ástæða þykir til.

A7 Fræðileg ritstjórn

Með fræðilegri ritstjórn er átt við að ritstjórnarvinnan byggist á sérfræðipækkingu ritstjórans. Ekki er því um að ræða ritstjórn sem lýtur fyrst og fremst að frágangi texta.

A7.1 Ritstjóri vísindatímarits (3-6 stig/hefti)

Einungis er átt við fræðilega ritstjórn ritrýndra tímarita. Veitt eru þrjú stig fyrir ritstjórnarvinnu sem einkum felur í sér ákvörðun um birtingu efnis. Ef ritstjórn lýtur einnig að inntaki og efnistöfum einstakra greina, gagnrýni og fræðilegum athugasemdum, eru veitt þrjú stig til viðbótar. Sinni sami maður hvoru tveggja er því heimilt að veita honum 6 stig fyrir hvert hefti.

Veitt eru stig fyrir að hámarki þrjú hefti á ári ef tímaritið fellur í flokk A4.1 og A4.2. Falli tímaritið í flokk A4.3 er einungis heimilt að veita stig fyrir tvö hefti á ári og falli tímaritið í flokk A4.4 er hámarkið eitt hefti á ári.

A7.2 Ritstjóri bókar (5-20 stig)

Hér er einungis átt við ritstjórn ritrýndra bóka. Gert er ráð fyrir því að fræðilegur ritstjóri bókar hafi í senn ákvörðunarvald um birt efni og sinni ritstjórn einstakra bókarkafila. Mat á ritstjórn fer enn fremur eftir umfangi bókar og flokkun hennar skv. A2.

Unnt er að óska eftir sérstöku mati fyrir verulega umfangmikla ritstjórn, t.d. þegar um er að ræða stór safnrit með efni eftir fjölda fræðimanna, t.d. í bókum sem taka yfirgripsmikil svið fræðanna til endurskoðunar og ritstjóri hefur átt virkan þátt í slíkri kortlagningu, þ.e. með skipulagi ritsins, inngangi að einstökum bókarhlutum o.s.frv.

A8 Skýrslur, ritdómar og þýðingar

A8.1 Skýrslur (0-3 stig)

Forsendur mats eru umfang efnisöflunar, frumleiki og framlag til nýrrar þekkingar. Hér er átt við útgefnar fræðilegar skýrslur, „working papers“, útgáfuraðir háskóla með útgáfunúmeri, skýrslur í prentskilum, t.d. með ISBN-númeri.

Skýrslur geta einnig verið metnar til þjónustustiga undir lið D4. Skýrslur sem eru afurð þjónusturannsókna falla að jafnaði undir flokk D. Mat á skýrslum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

A8.2 Ritdómar (1-3 stig)

Hér er átt við ritdóma ítímaritum sem falla í flokka A4.1 til A4.4. Með ritdómi er átt við fræðilega umfjöllun og gagnrýni, ekki stuttar efnislegar umsagnir um einstakar bækur eða rit.

A8.3 Þýðingar á fræðilegum greinum, bókarköflum og öðrum stuttum ritverkum (0-5 stig)

A8.4 Þýðingar á fræðibókum (10-25 stig)

Hér er um að ræða þýðingar efnis sem hefur verulegt fræðilegt gildi og telst vera á fræðasviði hlutaðeigandi.

Endurútgáfur verka á öðrum tungumálum eru metnar til allt að 10 stiga. Átt er við þýðingar fræðiritra háskólafélks sem gefnar eru út á alþjóðlegum vettvangi. Feli slík útgáfa í sér mikla fræðilega viðurkenningu er heimilt að meta verkið til fleiri stiga í samræmi við ákvæði um sérstakt mat í reglum þessum.

A9 Námsgögnir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla

A9.1 Námsgögnir (0-10 stig)

Heimilt er að meta námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla til stiga ef það uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Inntak námsganga er á rannsóknasviði höfundar.
2. Námsgögn bera með sér að frumrannsókn hafi farið fram.
3. Námsgögnin eru ritrýnd af sérfræðingum og gefin út af virtum útgefanda.
4. Markmið, aðferðir og ferli námsefnisgerðarinnar kemur fram í gögnum hennar, t.d. í kennsluleiðbeiningum eða í greinargerð sem höfundur lætur fylgja.
5. Magn námsefnisins er umtalsvert.

Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er námsefni metið til þjónustustiga.

A10 Nýsköpun og yfirfærsla þekkingar

Við mat á nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er gerð rík krafa um tengsl við rannsóknir, frumleika og nýsköpun þekkingar. Mat í þessum flokki tekur einnig til listsköpunar í akademísku samhengi. Nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er einnig heimilt að meta til þjónustustiga.

A10.1 Sprotafyrirtæki, hönnun, nýsköpun og þekkingaryfirfærsla (0-20 stig).

Mat byggist á hefðbundnum matsforsendum, sbr. inngangskafli reglna þessara. Þessir þættir eru metnir til stiga þegar um er að ræða birtingu nýrrar þekkingar eða nýsköpun í vísindum.

A10.2 Hugbúnaður (0-20 stig).

Aðeins er metinn til stiga hugbúnaður sem felur í sér þekkingarsköpun og/eða nýjar lausnir í hugbúnaðargerð. Birtingarformið er hugbúnaður með dreifingu sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. open source).

A10.3 Sálfræðipróf (0-5 stig).

Aðeins eru metin til stiga próf sem eru útgefin og aðgengileg og fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

A10.4 Lagafrumvörp (að jafnaði 2 stig).

Aðeins eru metin til stiga lagafrumvörp sem fela í sér frumrannsóknir og rannsóknavinnu sem ekki hefur birst á öðru formi. Heimilt er að meta vinnu við lagafrumvörp sem ekki uppfylla framangreint skilyrði til þjónustustiga. Í sumum tilvikum felur gerð lagafrumvarpa í sér umtalsverða rannsóknavinnu. Undir slíkum kringumstæðum er heimilt að meta þau til allt að 10 stiga. Höfundur þarf að óska sérstaklega eftir slíku mati með rökstuðningi.

Mat á lagafrumvörpum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þegar ekki kemur fram í lagafrumvarpi hver eða hverjir höfundar þess eru þarf staðfesting á því að fylgja framtali.

A10.5 Einkaleyfi (10-15 stig)

Aðeins birt einkaleyfi eru metin til stiga. Þegar einkaleyfaumsókn er birt fást 10 stig og 5 viðbótarstig ef einkaleyfið er veitt. Ekki eru veitt stig fyrir endurbirt einkaleyfi eða einkaleyfaumsóknir.

A10.6 Þróunarstarf í skólum og öðrum stofnunum (0-10 stig)

Átt er við þróunarstarf í skólum sem byggist á rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Um er að ræða þróunarverkefni sem fela í sér yfirfærslu nýrrar þekkingar á vettvangi skólastarfs. Þróunarverkefni eru metin að þeim loknum. Fyrir þarf að liggja skilgreining á verkefninu og áætlun um framkvæmd þess. Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Við mat á þróunarverkefni er auk framangreinds lítið til þess hve víðtækt verkefnið er og hvort jafningjamat hafi farið fram. Uppfylli þróunarverkefni ekki framangreind skilyrði er heimilt að meta það til þjónustustiga

Heimilt er að meta sambærilega þekkingaryfirfærslu innan annarra stofnana, sem uppfyllir viðlíka skilyrði og að framan greinir, til stiga í þessum flokki.

A10.7 Nýsköpun í listum (0-40 stig)

Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sinni fastri kennslu sem lýtur sérstaklega að listsköpun og listaverkum (þ.m.t. bókmenntaverkum). Kennarar eru ekki bundnir einstökum listgreinum í þessu tilliti (þannig getur t.d. kennari í myndlist fengið stig fyrir leikverk eða tónleikahald). Sjá nánar um mat á listsköpun og listaverkum í viðauka II.

A11 Tilvitnanir

Tilvitnanir sem skráðar eru í ISI-gagnagrunnum eru metnar til stiga á eftirfarandi hátt:

Fyrstu 10 tilvitnanir: 1 stig/tilv.

Næstu 20 tilvitnanir: 0,5 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 30: 0,1 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 2.000: 0,05 stig/tilv.

Hægt er að óska eftir að tilvitnanir í ritrýndum bókum og tímaritum sem ekki eru skráð í ISI-gagnagrunna verði metnar til stiga. Hlutaðeigandi fræðimaður þarf að leggja fram staðfestingu á að vitnað hafi verið til verka hans í slíkum ritum.

Stig vegna tilvitnana koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði.

A12 Styrkir úr samkeppnissjóðum (0-20 stig/ári)

Míðað er við árlega heildarupphæð styrkja úr rannsóknasjóðum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem bókfærðir eru í bókhaldskerfi viðkomandi háskóla eða tengdra stofnana hans. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær stigin nema ef samkomulag styrkþega kveður á um annað. Komi styrkur úr alþjóðlegum samkeppnissjóði tvöfaldast stigagiöf miðað við neðangreint, en hámarkið er óbreytt, þ.e. 20 stig.

Stigagjöf:

1 stig fyrir 0,5 - 1,999 milljónir/ári

2 stig fyrir 2 - 3,999 milljónir/ári

3 stig fyrir 4 - 6,999 milljónir/ári

4 stig fyrir 7 - 9,999 milljónir/ári

Síðan er gefið eitt stig fyrir hverjar 10 milljónir/ár en að hámarki 20 stig/ári.

Stig vegna styrkja koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði.

B. Kennsla

B1. Kennslureynsla

<i>B1.1. Aðjunkt, lektor, dósent eða prófessor, fullt starf</i>	10 stig/ári
<i>B1.2. Stundakennari sem hefur umsjón með námskeiðum 2 stig/ári fyrir hvert námskeið, þó ekki meira en 6 stig/ári</i>	2 stig/ári
<i>B1.3. Kennslutækninámskeið</i>	0-2 stig

Kennsla í akademískum skiptiáætlunum er metin eins og stundakennsla.

B2. Kennslurit

<i>B2.1. Smárit eða kennsluefni á vefnum</i>	0-3 stig
<i>B2.2. Kennslurit, kennslubækur</i>	5-60 stig

Heimilt er að meta bráðabrigðarútgáfur kennslurita samkvæmt lið 2.1., en þau eru metin samkvæmt 2.2. þegar þau koma út í endanlegri útgáfu.

B3. Leiðbeining stúdenta og andmæli

<i>B3.1. Við meistaraverkefni</i>	2-4 stig
<i>B3.2. Við doktorsverkefni</i>	10 stig
<i>B3.3. Seta í doktorsnefnd</i>	3 stig
<i>B3.4. Andmælandi við doktorsvörn</i>	3 stig

Stig eru veitt fyrir leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi þegar verkefnum er lokið. Nöfn á framhaldsnemum og verkefnum þurfa að koma fram. Fjöldi stiga fyrir meistaraverkefni fer eftir umfangi þeirra. Leiðbeining við verkefni sem er minna en 50 ECTS-einingar gefur 2 stig, 50-70 ECTS-eininga verkefni gefur 3 stig og leiðbeining við verkefni sem er meira en 70 ECTS-einingar gefur 4 stig.

4. Nýsköpun í kennslu

2-10 stig

Unnt er að sækja um að fá metna vinnu við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluaðferða, gerð verkefnabanka og fleira. Skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat samkvæmt þessum lið.

C. Stjórnun

Veitt eru stig fyrir stjórnun í samræmi við neðangreint. Umfang (velta, fjöldi starfsmanna, nemenda o.fl.) ræður stigamati í liðum C1, C4, C5.

<i>C1. Formaður námsbrautar</i>	5-10 stig/ári
<i>C2. Formaður í starfsnefnd háskólaráðs og fastadómnefnd fræðasviðs</i>	10 stig/ári
<i>C3. Formaður í helstu starfnefndum fræðasviða</i>	5 stig/ári
<i>C4. Forstöðumaður rannsóknastofnunar</i>	5-15 stig/ári
<i>C5. Deildarforseti/deildarformaður</i>	25-50 stig/ári
<i>C6. Fræðasviðsforseti</i>	75 stig/ári
<i>C7. Rektor</i>	100 stig/ári
<i>C8. Aðstoðarrektor</i>	50 stig/ári
<i>C9. Seta í háskólaráði</i>	5 stig/ári
<i>C10. Seta í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors</i>	2 stig/ári
<i>C11. Formaður í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors</i>	3 stig/ári
<i>C12. Seta í dómnefnd um störf við háskóla</i>	2 stig

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Í C12 eru veitt 2 stig fyrir hverja dómnefnd en að hámarki 10 stig á ári.

D. Þjónusta

D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (2-10 stig)

Formennska/seta í ráðstefnunefnd.

D2. Opinber matsstörf (0-2 stig)

Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

D3. Seta í nefndum eða stjórnnum (0-2 stig)

Utan viðkomandi háskóla.

D4. Álitsgerðir og skýrslur (0-5 stig)

Skýrslur gefnar út án formlegrar ritrýni eða óútgefnar skýrslur og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan viðkomandi háskóla. Skýrsla verður vera aðgengileg matsnefnd til þess að vera metin til stiga.

D5. Hugbúnaður (0-10 stig)

Hugbúnaðurinn þarf að fela í sér hagnýta hugbúnaðargerð og hafa dreifingu innanlands eða erlendis annað hvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. *open source*).

D6. Fræðsluefni fyrir almenning (0-20)

Í öllum tilvikum verður að vera um að ræða ritun og/eða miðlun efnis sem hlutaðeigandi háskólamenn taka að sér vegna fræðilegrar sérþekkingar sinnar.

1. Bækur almenns eðlis	0-20 stig
2. Þýðingar almenns eðlis	0-10 stig
3. Ritstjórn bóka og tímarita almenns eðlis	0-6 stig
4. Grein í tímariti almenns eðlis.	0-5 stig
5. Ritdómur eða listdómur í fjölmiðli. (hámark: 10 stig/ári)	1 stig
6. Grein í dagblaði (0-3 stig) eða samning þáttar í öðrum fjölmiðli (hámark: 10 stig/ári)	0-10 stig
7. Erindi á málstofu eða málþingi ætluðu almenningi	1 stig
8. Upplýsingamiðlun og álitsgjöf. (hámark: 10 stig/ári)	0-10 stig

D7. Sprotafyrirtæki (0-50 stig)

Metin eru sprotafyrirtæki og leyfissamningar við aðila utan viðkomandi háskóla. Þegar nokkur reynsla er komin á starfseminu, t.d. að 5-10 árum liðnum, er heimilt að endurmeta sprotafyrirtækið eða leyfissamninginn til allt að 50 þjónustustiga til viðbótar. Við matið er litið til þátttöku starfsmanna og nemenda, eignarhalds og sýnileika viðkomandi háskóla í tengslum við verkefnið.

D8. Styrkir frá öðrum en samkeppnisjóðum (0-20 stig)

Heildarupphæð styrkja frá aðilum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stig nema ef samkomulag er um annað.

Stigagjöf:

1 stig fyrir 0,5-1,999 milljón/ári

2 stig fyrir 2-3,999 milljónir/ári

3 stig fyrir 4-6,999 milljónir/ári

4 stig fyrir 7-9,999 milljónir/ári

Gefið er eitt stig fyrir hverjar 10 milljónir/ári en að hámarki 20 stig/ári.

E. Fyrri störf (vegna grunnmats)

Metin er starfsreynsla í fyrri störfum sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin, enda sé hún á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins og nýtist í því starfi.

Starfsreynsla: 10 stig/ári

Höfð er hliðsjón af starfsreynslustigum nýráðinna kennara og sérfræðinga við frumröðun þeirra í launaflokk. Stig vegna fyrri starfa að viðbættum stigum vegna kennslu geta ekki orðið fleiri en 10 á ári.

F. Almennt

Í samræmi við þau 10 stig sem kennarar með 40% rannsóknaskyldu fá á ári fyrir kennslureynslu (sbr. lið B1) skulu sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 40% rannsóknarskyldu fá 10 stig á ári fyrir starfsreynslu. Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 60% rannsóknarskyldu fá 7 stig á ári en sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 80% rannsóknarskyldu fá 3 stig á ári. Þessi stig að viðbættum stigum sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna vegna kennslu í yfirvinnu skulu þó ekki verða fleiri en 10 á ári.

Matsnefnd er heimilt að veita stig fyrir verkefni sem ekki rúmast innan ramma þessara reglna enda liggi fyrir um það rökstudd beiðni eða tillaga. Einkum er hér átt við vinnu innan eða utan háskóla í þágu vísindasamfélagsins í víðum skilningi og umfangsmikla kynningu eða fræðslu fyrir almenning.

Hægt er að víkja frá reglum þessum ef sérstaklega stendur á.

Viðauki I - Um flokkun íslenskra tímarita

Við mat á íslenskum tímaritum (sbr. A4.2 til A4.4) er lögð áhersla á að vinnubrögð tímaritanna séu í samræmi við það sem gerist á alþjóðavettvangi. Í því skyni er tekið mið af þeim skilyrðum sem notuð eru á vegum *Thomson Reuters* fyrir skráningu á alþjóðlegum vísindatímaritum í sérstaka gagnagrunna. Miðað er við að flokkun íslenskra tímarita gildi fyrir þrjú ár í senn. Núverandi flokkun tekur til birtinga 2010, 2011 og 2012. Næst verða íslensk vísinda- og fræðitímarit flokkuð í lok árs 2012 og gildir sú flokkun fyrir birtar greinar á árunum 2013, 2014 og 2015: Tímaritum er raðað í þrjá flokka í samræmi við neðangreind skilyrði, sjónarmið og mat sérfræðihóps um flokkun tímarita. Sérfræðihópin skipa vísindanefnd opinberra háskóla auk fimm sérfræðinga í faglegum rekstri vísinda- og fræðitímarita, sem nefndin velur.

1. Gefin eru **5 stig** fyrir greinar í tímaritum sem uppfylla a.m.k. fjögur fyrst töldu skilyrðin.
2. Gefin eru **10 stig** fyrir greinar í tímaritum sem uppfylla 16 fyrst töldu skilyrðin.
3. Gefin eru **15 stig** fyrir greinar í tímaritum sem uppfylla 16 fyrst töldu skilyrðin og eru talin koma vel til móts við þau matssjónarmið sem lýst er í tl. 17, 18 og 19.

Skilyrði fyrir 5 stiga flokk:

1. Birting á áður óbirtum niðurstöðum.
2. Ritstjóri og ritstjórn eru með framhaldsmenntun á fræðasviðinu og með umtalsverða rannsóknareynslu.
3. Athugasemdir frá ritstjóra, ritstjórn og ritrynum eru efnislegar.
4. Ritryndar greinar eru merktar sérstaklega þar sem óritrynt efni er einnig birt.

Viðbótarskilyrði og matssjónarmið fyrir 10 stiga flokk:

5. Tímarit hafi skýrar seglur um ritryni.
6. Grein er tekin til forskoðunar hjá ritstjóra eða fræðilegri ritstjórn – samþykkt/hafnað.
7. Aðsendar greinar eru aldrei birtar án nafnlausrar ritryni frá tveimur eða fleiri sérfræðingum á viðkomandi sviði.
8. Höfnunarhlutfall skal nema a.m.k. 15% greina. Að jafnaði skal miðað við s.l. þrjú ár.
9. Regluleg og áætluð útgáfutíðni tímarits. Að jafnaði er miðað er við 5 ár.
10. Útdráttur á íslensku.
11. Útdráttur á ensku.
12. Lýsandi heiti tímarits.
13. Lýsandi heiti greina.
14. Fullnægjandi bókræðilegar upplýsingar allra tilvitnana.
15. Fullnægjandi merking vegna aðseturs höfunda greina.
16. Litið er til hlutfalls höfunda ritryndra greina sem eru „utanaðkomandi“, þ.e. koma ekki úr nærumhverfi tímaritsins, t.d. frá viðkomandi háskóla eða stofnun sem stendur að útgáfu tímaritsins.

Sjónarmið við mat fyrir 15 stiga flokk:

17. Aðgengi að greinum og/eða útdráttum á vef.
18. Skráning eða áform tímarits um skráningu í alþjóðlega gagnagrunna.
19. Litið er til þess hvort tímaritið er leiðandi vísindatímarit á sviðinu.

Viðauki II - Um mat á listsköpun og listaverkum

A10.7 Nýsköpun í listum (0-40 stig)

Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sinni fastri kennslu sem lýtur sérstaklega að listsköpun og listaverkum (þ.m.t. bókmenntaverkum). Kennarar eru ekki bundnir einstökum listgreinum í þessu tilliti (þannig getur t.d. kennari í myndlist fengið stig fyrir leikverk eða tónleikahald).

A10.7.1 Stór einkasýning í viðurkenndu listasafni samþykkt af listráði (10-30 stig)

Með stórrí einkasýningu í viðurkenndu listasafni, samþykkt af listráði, er átt við einkasýningu á mynd- og hönnunarverkum t.d. í: Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Kópavogs, Listasafni ASÍ, Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnafjarðar, Nýlistasafninu, Norræna húsinu í Reykjavík, Listasafni Akureyrar eða öðrum viðurkenndum listasöfnum.

A10.7.2 Einkasýning eða þátttaka í samsýningu í viðurkenndu listasafni eða á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum (0-15 stig)

Með einkasýningu er hér átt við einkasýningu á frumsýndum verkum. Viðurkennd listasöfn eru þau sömu og áður voru talin.

A10.7.3 Viðamikil frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er opinberlega af viðurkenndum listamönnum (10-30 stig)

Með viðamikilli tónsmíð er t.d. átt við óperu- eða hljómsveitarverk sem flutt er í opinberu tónleikahúsi s.s. Íslensku Óperunni, Þjóðleikhúsinu, Salnum (Tónlistarhúsi Kópavogs) eða Háskólabíói. Gert er ráð fyrir að tónverkið fylli heila efnisskrá í lengd.

A10.7.4 Frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er opinberlega af viðurkenndum listamönnum (0-10 stig)

Með tónsmíð er átt við minni tónsmíðar sem fluttar eru af viðurkenndum listamönnum. Ekki er unnt að gefa stig fyrir tiltekið tónverk oftar en einu sinni.

A10.7.5 Tónlistarflutningur/leiktúlkun á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum, á opinberum áskriftartónleikum eða í viðurkenndu leikhúsi (0-15 stig)

Með tónlistarflutningi á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum eða á opinberum áskriftartónleikum er t.d. átt við Alþjóðlegu raf- og tölvutónlistarhátíðina, Norræna músíkdaga og aðrar erlendar hátíðir. Opinberir áskriftartónleikar eru t.d. áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og áskriftartónleikar Tíbrár í Salnum Kópavogi.

A10.7.6 Tónleikahald eða viðamikil leiktúlkun (0-10 stig)

Með tónleikahaldi er átt við einleik, einsöng eða listræna stjórnun á tónleikum á vegum virtra tónleikahaldara eða menningarstofnana. Með listrænni stjórnun er átt við stjórnun hljómsveitar, kórs eða kammerhóps.

Tónleikahald í tengslum við eða á vegum alþjóðlegra lista- eða menningarhátíða, virtra tónleikahaldara, eða virtra menningarstofnana felur að jafnaði í sér meiri viðurkenningu en tónleikahald á eigin vegum. Að jafnaði eru veitt fleiri stig fyrir tónleikahald ef um frumflutning tónverks er að ræða.

Veita má hljóðfæraleikara stig fyrir samleik í kammerhóp eða veigamikil hlutverk í tónflutningi með viðurkenndum aðilum, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, þó ekki sé um einleik

að ræða, enda hafi verið sóst eftir hljóðfæraleikaranum á grundvelli listrænnar hæfni hans. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar uppákomur veiti stig nema þær séu a.m.k. fleiri en tvær yfir árið.

Virtir tónleikahaldarar og menningarstofnanir eru t.d.: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Salurinn: Tónlistarhús í Kópavogi, Íslenska Óperan, Sumartónleikar í Skálholti, Listahátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar, Kammersveit Reykjavíkur, Caput, Musica Antiqua, Gerðuberg, Háskólatónleikar, Félag Íslenskra Tónlistarmanna og Tónlist fyrir alla.

A10.7.7 Útgefnar hljóðritanir (0-10 stig)

Útgefnar hljóðritanir eru hljóðritanir sem sendar eru út af viðurkenndum fjölmiðlum eða gefnar eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum. Hljóðritun og útsending að frumkvæði virts fjölmiðils, s.s. RÚV. Viðurkenndir tónlistarútgefendur eru t.d.: FÍH, Geimsteinn, Ísdiskar, Íslensk Tónverkamiðstöð, Jazzís, Klassís, Smekkleysa, Skífan, Stöðin ehf., Thule Musik, Tónaflóð eða þekktir erlendingir tónlistarútgefendur.

A10.7.8 Bókmenntatextar. (0-10 stig)

Hér er átt við ljóð, smásögur, stutt leikrit og aðra stutta bókmenntatexta.

A10.7.9 Bókarverk. (10-40 stig)

Átt er við skáldsögu, ljóðasöfn, smásagnasöfn, viðamikil leikrit og önnur bókarverk er búa yfir listrænu gildi. Tekið er tillit til fyrri birtinga einstakra hluta verkanna sem og þess hvort leikrit hefur áður verið metið til stiga vegna sviðsetningar.

A10.7.10 Þýðingar á bókarköflum og öðrum stuttum ritverkum sem hafa listrænt gildi (0-5)

A10.7.11 Þýðingar á bókum sem hafa listrænt gildi (10-25)

A10.7.12 Hönnunarverk, sýningarstjórn eða leikstjórn. (0-10 stig)

Átt er við verkhönnun í listrænu augnamiði, skipulagningu og stjórnun sýningar fyrir listasafn eða leikhús.

Með hönnunarverkum er átt við verk sem hannað er fyrir sérstakar þarfir og aðstæður þar sem tekið er tillit til fleiri þátta svo sem umhverfis, notagildis og fegurðar.

Einstök mynd- og hönnunarverk eru ekki metin til stiga nema þar sem verk er hannað fyrir tiltekna aðstæður þar sem fram komi viðurkenning fleiri aðila svo sem listráðs eða valnefndar á sérþekkingu viðkomandi til að vinna verkið.